



SKÓLASTEFNA
Borgarbyggðar
2016 - 2020



GLEÐI

METNAÐUR

VINÁTTA

SAMKENND



FORMÁLI

Í Skólastefnu Borgarbyggðar má finna framtíðarsýn um skólastarf í sveitarfélaginu. Í henni koma fram helstu markmið og áherslur ásamt hlutverki og ábyrgð þeirra aðila sem að skólastarfinu standa. Einnig má þar finna hvernig árangur starfsins er metinn. Leikskólum, grunnskólum og Tónlistarskólanum er ætlað að marka sér sérstöðu með því að setja fram markmið og velja leiðir að þeim í skólanámskrám sínum innan þess ramma sem aðalnámskrá og skólastefnan setur þeim.

Ákveðið var að endurskoða Skólastefnu Borgarbyggðar frá árinu 2007 og var fræðslunefnd Borgarbyggðar falið að stýra verkinu. Í henni áttu sæti:

Magnús Smári Snorrason, formaður
Lilja Björg Ágústsdóttir, varaformaður
Sigurður Guðmundsson, aðalmaður
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, aðalmaður
Sigríður G. Bjarnadóttir, aðalmaður

Ákveðið var að senda út hugarflugskönnun til kennara og annars starfsfólks skóla og til foreldra.

Einnig var rætt við nemendur um eftirfarandi spurningar:

Hvað telur þú einkenna nám og skólastarf í Borgarbyggð?

Hvað telur þú vera vel gert í skólastarfi í Borgarbyggð?

Hvað telur þú að eigi að bæta í skólastarfi í Borgarbyggð?

Niðurstöður úr hugarflugskönnuninni urðu grundvöllur þeirrar skólastefnu sem hér er kynnt. Einnig var stuðst við þá vinnu sem fram hefur farið á árunum 2013-2015 í endurskoðun á skólastefnu Borgarbyggðar. Má þar nefna hugmyndir af menntaþingi sem haldið var 2012.

Í skólastefnunni er megináhersla lögð á einkenni skóla í Borgarbyggð og að þeir móti sér sérstöðu í starfi sínu og skólabrag. Einnig að samfella ríki í námi barna allt frá leikskóla og yfir í framhaldsskóla, en grunnþættir menntunar mynda þráð samfellu í námi barna og ungmenna. Það kallar á aukið samstarf kennara og annars starfsfólks þvert á skólastig með áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám.

Einkunnarorð skólastefnunnar eru **gleði, metnaður, samkennd og vinátta** en það eru þau gildi sem kennarar, foreldrar og nemendur hafa sameinast um í námi barna og ungmenna í Borgarbyggð.

Fræðslunefnd Borgarbyggðar



EFNISYFIRLIT

Formáli.....	2	Réttindi og skyldur.....	5
Inngangur.....	4	Grunnbættir skólastarfs.....	6
Einkunnarorð skólastefnunnar og hornsteinar.....	4	Námsumhverfið.....	10
Samskipti í skólum.....	5	Tónlistarskóli.....	10
Margbreytilegur hópur barna og ungmenna.....	5	Framkvæmd, mat og eftirfylgni skólastefnunnar.....	11
Skólasamfélagið í Borgarbyggð.....	5		



Meginmarkmið skólafestnu Borgarbyggðar er að stuðla að **alhliða þroska, lýðheilsu og almennri heildstæðri menntun** allra barna og ungmenna í Borgarbyggð. Lögð er áhersla á nám barna og ungmenna, en ekki síður kennara og annars starfsfólks alla ævina í sameiginlegu skóla- og lærdómssamfélagi. Undirstrikuð eru helstu einkenni og sérstaða skóla í Borgarbyggð, en hún snýr meðal annars að **menningu svæðisins, náttúru og útikennslu, leiðtogaþæfni og samstarfi skóla**.

Borgarbyggð hefur alla burði til að standa vel að námi allra barna og ungmenna. Lögð er áhersla á að kennarar, annað starfsfólk skóla, foreldrar og allir íbúar styðji við þroska og framfarir nemenda. Er skólafestnan áskorun til allra um að taka þátt í því uppeldi.

Í skólafestnunni er annars vegar lögð áhersla á **velliðan, samkennd og vináttu** barna og ungmenna. Hins vegar er stefnt að **árangri og metnaði** í skólafestni.

Öllum börnum og ungmönnum á að líða vel á skólagöngu sinni, finna til öryggis, samkenndar og vináttu. Það er helsta áskorun stjórnenda, kennara og annars starfsfólks í samvinnu við foreldra að sjá til þess að skólabragurinn einkennist af einkunnarorðum og hornsteinum skólafestunnar, sem eru gleði, metnaður, samkennd og vinátta. Sátt ríki um kurteisi og virðingu í framkomu, umburðarlyndi og samkennd. Einnig á menning skólans að byggja á gleði, áhuga og virkni allra í skólanum.

Árangur í skólafestni snýst um þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur öðlast á skólagöngu sinni. Þá er átt við þekkingu á staðreyndum og aðferðum, vitsmunalega og verklega leikni og hæfni til að nýta sér þá þekkingu og leikni. Hver skóli tilgreinir í skólanámskrá hvernig námsmati er háttað. Einnig eru samræmdar mælingar nýttar. Í skólafestnunni er lögð áhersla á að námsmatið sé uppbyggilegt og sýni styrkleika nemenda.

Með skólafestnu sinni undirstrikar Borgarbyggð að hver skóli móti sér sérstöðu í skólanámskrá og tilgreini hvernig innra starf skólans er skipulagt.

Uppsetning skólafestunnar er með þeim hætti að fyrst er tilgreint meginmarkmið hvers þáttar. Því næst er framtíðarsýnin sett fram sem er leiðarljós fyrir starfseminna. Lagðar eru helstu línur um áherslur og innihald hvers þáttar og hvaða hlutverk og ábyrgð hver aðili skólafestarsins hefur. Loks eru sett fram viðmið um mat á árangri.

Skólafestnu Borgarbyggðar er ætlað að setja fram sameiginlega sýn, svo að skólasamfélagið gangi í takt. Þannig getur skólafestnan orðið veggvísir að því að efla skólana í Borgarbyggð. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlana verður tekið mið af þeim áherslum sem birtast í stefnunni og þeim fylgt eftir.

EINKUNNARORÐ
SKÓLASTEFNUNNAR
OG HORNSTEINAR
HENNAR ERU:

G L E Þ I
M E T N A Þ U R
S A M K E N N D
V I N Á T T A

SKÓLAR Í BORGARBYGGÐ BYGGJA STARF SITT Á EFTIRFARANDI ÞÁTTUM:

Jákvæðum skólabrag	Einstaklingsmiðuðu námi
Velliðan nemenda	Samfelldu námi barna og ungmenna
Leiðtogahæfni nemenda og starfsfólks	Samræmdu skóladagatali allra skóla
Uppbyggingarstefnu	Samheldni og stöðugleika
Heilsueflandi skólastarfi	Fagmennsku og virkri símenntun
Fjölbreyttum tækifærum barna og ungmenna til hreyfingar og útiveru	Góðu náms og kennsluumhverfi
Næringarríku fæði	Virku samstarfi heimila og skóla
Náttúru og umhverfismennt	Samstarfi leik- og grunnskóla
Útinámi og útikennslu	Samstarfi við mennta- og háskóla
Samkennslu árganga	Samstarfi við nærsamfélagið



SAMSKIPTI Í SKÓLUM

Í skólum Borgarbyggðar er lögð áhersla á jákvæð samskipti. Skólabragur einkennist af gleði, jákvæðni og sam hjálp og eru kennarar og annað starfsfólk fyrirmyndir barna og ungmenna í orðum og gjörðum. Samstarf og samskipti kennara, barna og ungmenna einkennast af vináttu, hjálpssemi og umburðarlyndi.

FRAMTÍÐARSÝN

Öllum nemendum er gert kleift að njóta skólagöngu sinnar, að finna til vellíðunar í skólanum og að vera öruggir. Einnig að tilheyra hópi og upplifa vináttu. Nemendur eiga að finna að styrkleikar þeirra og áhugasvið njóti sín í skólanum og að þar ríki umburðarlyndi og samhugur.

SAMSKIPTASÁTTMÁLI

Í hverjum skóla koma kennarar og nemendur sér saman um hvernig samskiptum í skólanum er háttað og hvernig skólabragur skólans er. Mótaður er samskiptasáttmáli sem kveður á um framkomu í skólanum sem allir samþykkja með undirritun sinni. Með því móti eru allir meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim í daglegum samskiptum. Samskiptasáttmálinn er kynntur foreldrum og er aðgengilegur á heimasíðu skólanna. Einnig er samskiptasáttmálinn endurskoðaður reglulega.

MARGBREYTILEGUR HÓPUR BARNA OG UNGMENNA

Skólastarf í Borgarbyggð byggist á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum. Réttur allra sem þar dvelja er virtur, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Séð er til þess að öllum líði vel í skólum Borgarbyggðar.

FRAMTÍÐARSÝN

Börn og ungmenni fá tækifæri til að þróa með sér jákvæða sjálfsmynd í skólum Borgarbyggðar. Sjónarmið hvers einstaklings eru virt og þeir fá tækifæri til að takast á við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska. Þannig eykst trú þeirra á eigin getu og námsáhugi eflist.

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Í skólanámskrá hvers skóla skal koma fram hvernig skólinn:

ýtir undir styrkleika barna og áhugasvið fremur en veikleika og leitast eftir að byggja kennslu á áhugasviði nemenda

kemur til móts við námsstíl hvers nemenda og hvaða leiðir eru farnar í námi þeirra

leggur áherslu á skapandi nám og teymiskennslu/nám

notar fjölbreytta kennsluhætti, svo sem útikennslu, sýnikennslu, vettvangsferðir hópaverkefni, einstaklingsverkefni, hringekju

notar fjölbreytt námsgögn, svo sem námsbækur, handbækur, leiðbeiningarit, myndefni, veggspjöld, hljóðefni, tölvuforrit, efni af Netinu, margmiðlunarefni svo og efni til verkefna kennslu

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Fræðslunefnd ber ábyrgð á því að skólum standi til boða stuðningur og fræðsla til að koma sem best til móts við þarfir hvers nemenda.

Skóla- og sérfræðipjónustan eflir skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veitir starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Skólastjórnendur hvetja til umburðalyndis og að einblínt sé á styrkleika nemenda í skólanum.

Kennarar og annað starfsfólk koma fram við börn og ungmenni af virðingu og umburðalyndi og hjálpa þeim að koma auga á styrkleika sína og áhugasvið.

Fjölskyldan hefur aðgang að ráðgjöf og fræðslu til að koma betur til móts við námsstíl barna sinna og vellíðan í skólanum.

MAT Á ÁRANGRI

Árangur nemenda og framfarir koma m.a. fram í ferilmöppu sem sýna námsstíl nemandans, áhugasvið og framfarir.

SKÓLASAMFÉLAGIÐ Í BORGARBYGGÐ

Lögð er áhersla á að skólar í Borgarbyggð byggi upp lærdómssamfélag í skólunum og skapi menningu sem hvetur og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks skólanna í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemenda.

Með sameiginlegum gildum og þeirri framtíðarsýn sem birtist í skólastefnunni er tekin sameiginleg ábyrgð á námi barna og ungmenna. Til þess að svo geti orðið þarf að auka og efla samstarf kennara og skóla og standa að reglulegri sí- og endurmenntun kennara og annars starfsfólks.

SAMSTARF KENNARA

Til að auka samstarf meðal kennara og annars starfsfólks skóla er unnið að eftirfarandi atriðum:

Fræðsla um teymiskennslu

Sameiginleg símenntun kennara og annars starfsfólks

Starfsdagar nýttir til að kynna sér fjölbreytta kennsluhætti og samstarf kennara

Samstarfsverkefni, nám og þjálfun kennara í samstarfi

Kennsluáferðir notaðar sem stuðla að samstarfi kennara

SAMSTARF SKÓLA

Til að auka samfelli í námi barna og ungmenna og einstakling-smiðað nám er unnið að eftirfarandi atriðum:

Aukið samstarf þvert á skólastig

Fræðsla og umfjöllun um grunnþætti menntunar

Fjölbreyttu námskeiðahaldi á starfsdögum kennara

Sameiginleg símenntun kennara og annars starfsfólks

Sameiginlegir starfsdagar

Heildstæð forvörn sem felur í sér nám í heilbrigðum lífsstíl

Samstarfsverkefni innanlands sem erlendis

Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna

Samstarf um íþrótt- og tómstundastarf

Samstarf við Tónlistarskólann

Samstarf við félög, fyrirtæki og stofnanir í Borgarbyggð um samfélagslega þátttöku barna og ungmenna

Í samstarfi skóla verða kennurum og öðru starfsfólki gert kleift að vinna að þróunarverkefnum og kynna sér fjölbreyttar kennsluáferðir og námstækni.





RÉTTINDI OG SKYLDUR

Í skólum Borgarbyggðar er hlustað á raddir barna og ungmenna og þau höfð með í ráðum. Leitað er leiða til að upplýsa börn um skólastarfið með aðferðum sérstaklega sniðnum að börnum.

Kennarar og annað starfsfólk tekur að sér að vera málsvari barna og gæta réttinda þeirra. Einnig að upplýsa þau um skyldur sínar og ábyrgð.

Börn og ungmenni eru hvött til að taka virkan þátt í öllu skólastarfi, taka að sér ólík hlutverk, ábyrgð og skyldur.

Gert verði ráð fyrir kennslu og námi um ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og kennarar fræddir um aðferðir til að nálgast sjónarmið barna.

GRUNNÞÆTTIR SKÓLASTARFS

Skólar í Borgarbyggð byggja starf sitt á sex grunnþáttum menntunar sem mynda samfellu í námi barna frá því að leikskóladvöl hefst að loknu fæðingarorlofi og þar til framhaldsskóla lýkur. Grunnþáttunum er ætlað að mynda ramma um skólastarfið.

Þeir felast í læsi í viðum skilningi, menntun til sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Flest atriði skólastarfsins má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

LÆSI FRAMTÍÐARSÝN

Öll börn og ungmenni í Borgarbyggð lesi og hlusti sér til yndis og gagns. Allir skólar búi yfir aðgerðarbanka um læsirnám og byggja náms- og kennsluhætti á styrkleikum og áhugasviði hvers nemanda. Aðbúnaður, aðstaða og skipulag í skólunum skapa traustan grunn fyrir virkt læsirnám allra barna. Foreldrar taki einnig virkan þátt í læsirnámi barna sinna með áhuga sínum, stuðningi og fyrirmynd.

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Hver skóli setji sér markvissa læsisstefnu í skólanámskrá sinni og tilgreini hvernig staðið er að námi barna í eftirfarandi þáttum læsis:

Hljóðkerfis- og hljóðavitund
Hljóðræn umskráning
Lesfimi
Lesskilningur
Orðaforði
Tjáning
Ritun
Upplýsingalæsi og myndlæsi
Yndislestur

Þá er tilgreint hvernig kennsluhættir, aðbúnaður, aðstaða, skipulag og skólabragur styðja við læsirnám barna og ungmenna.

Einnig komi fram í læsisstefnu skólanna hvernig staðið er að stuðningi við börn sem hafa íslensku sem annað mál. Leggja á áherslu á að hver skóli hafi:

Lykilpersónu eða tengilið sem m.a. miðlar upplýsingum til fjölskyldu
Orðabók
Móðurmálskennslu
Túlkþjónustu

Að lokum komi fram í læsisstefnu hvers skóla hvernig foreldrar eru virkjaðir í læsirnámi barna sinna.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Árlega leggja skólar fram aðgerðaráætlun fyrir fræðslunefnd til samþykktar þar sem fram kemur hvernig staðið er að læsirnámi barna og ungmenna og hvernig gengið hefur.

Skólaþjónustan veitir skólum stuðning og fræðslu um ólíkar kennsluáferðir og leggi inn í aðgerðarbanka hvers skóla. Veitir einnig ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við niðurstöðum mælinga á framförum nemenda, m.a. á samræmdum prófum.

Skólastjórnendur standi að endurmenntun fyrir kennara og annað starfsfólk og leiða innleiðingu fjölbreyttra kennsluáferða.

Kennarar og annað starfsfólk skoði kennsluáferðir og safni í aðgerðarbanka. Skoðað er hvernig komið er til móts við ólíkan námsstíl og áhugasvið barna og ungmenna.

Fjölskyldan les fyrir börnin sín, styður við nám og hvetur nemendur til að lesa sér til yndis og gagns.

MAT Á ÁRANGRI

Á hverju ári eru lagðar fyrir kannanir í læsi. Hver skóli tilgreinir í læsisstefnu sinni hvaða kannanir eru lagðar fyrir og hvernig brugðist er við niðurstöðum þeirra.

SJÁLFBÆRNI FRAMTÍÐARSÝN

Í skólum í Borgarbyggð miðar menntun til sjálfbærni að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Stefnt er að því að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Hver skóli setur sér umhverfisstefnu í skólanámskrá sinni þar sem fram kemur hvernig staðið er að námi í sjálfbærni á eftirfarandi þáttum:

Vistspori mannsins
Stöðu umhverfismála í nærumhverfi skólans
Fræðslu í umhverfismálum
Útinámi
Umhverfisvitund; þekkingu, skilning og væntumþykju á náttúrunni
Náttúruvernd
Lífsvenjur í anda sjálfbærni
Að horfa til framtíðar og virða rétt komandi kynslóða til lífs og heilbrigðis

Þá er tilgreint hvernig kennsluhættir, aðbúnaður, aðstaða, skipulag og skólabragur styður við sjálfbærninám barna og ungmenna.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Skólastjórnendur stýra innleiðingu menntunar til sjálfbærni og hafa yfirsýn yfir framvindu hennar.

Kennarar og annað starfsfólk taka þátt í mótun sameiginlegrar sýnar skólans á menntun til sjálfbærni og setja því markmið.

Fjölskyldan styður við sjálfbærni menntun með því að hvetja börn og ungmenni til sjálfbærna lífsvenja.

MAT Á ÁRANGRI

Árlega er lagt mat á hvernig skólabragur styður við sjálfbærar lífsvenjur, náttúruvernd og umhverfisvitund.



LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI - FRAMTÍÐARSÝN

Í skólum í Borgarbyggð er forsenda lýðræðis samábyrgð, meðvitund og virkni barna og ungmenna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismentun og ber skólum að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Hver skóli setur sér stefnu í lýðræði- og mannréttindanámi í skólanámskrá sinni þar sem fram kemur hvernig staðið er að námi í lýðræði- og mannréttindum á eftirfarandi þáttum:

- Að taka virkan þátt í starfi skólans
- Að bera ábyrgð
- Að mynda sér skoðun
- Að tjá skoðun sína
- Að hlusta á sjónarmið annarra
- Að miðla málum
- Að læra að lifa saman
- Að læra að breyta sér og samfélaginu
- Að læra umburðarlyndi og viðsýni

Þá tilgreini hver skóli hvernig börn og ungmenni læri til lýðræðis, því barna og ungmenna biður að taka þátt í lýðræðissamfélagi.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Fræðslunefnd kalli eftir álit barna og ungmenna á málefnum sem þeim tengjast.

Skólaþjónustan taki mið af sjónarmiðum barna og ungmenna í stuðningi við þau og láti það ráða því hvernig þörfum þeirra er mætt.

Skólastjórnendur standi að endurmenntun fyrir kennara og annað starfsfólk um leiðir til að nálgast sjónarmið barna og ungmenna og hvernig hægt er að virkja nemendur til þátttöku og ákvarðanatöku um málefni sem þá varðar.

Kennarar og annað starfsfólk hlusti eftir sjónarmiðum nemenda og láti ráðgjöf þeirra verða vegvísir til aðgerða.

Nemendur taki virka ábyrgð á daglegu skólastarfi og hafi áhrif á skipulag þess og innihald.

Fjölskyldan hvetji börn og ungmenni til að láta skoðun sína í ljós, taka þátt og hafa áhrif.

MAT Á ÁRANGRI

Árlega verði afmarkaðir þættir skólastarfs metnir af nemendum og niðurstöður matsins nýttar til umbóta og breytinga á námi og starfi.



JAFNRÉTTI FRAMTÍÐARSÝN

Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem börn og ungmenni læra að vera ekki yfir aðra hafin, né undir neinn gefin heldur standa jafnfætis öllum. Allir nemendur eiga að fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu og skapandi lífi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis.

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Hver skóli setur sér jafnréttisstefnu í skólanámskrá sinni þar sem fram kemur hvernig staðið er að jafnréttisnámi á eftirfarandi þáttum:

- Kynjajafnrétti
- Fjölmenningu
- Fötlun
- Aldri
- Stétt og búsetu
- Trúarbrögð

Þá er tilgreint hvernig jafnréttisglæraugum er beitt í kennslu í öllu námi til að koma auga á áhrifavald, valdahlutföll og tengsl. Jafnréttismentun á að vera samofin öllu skólastarfinu, bæði því formlega og óformlega.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Fræðslunefnd sendi árlega hvatningu til skóla um að skoða ákveðna þætti jafnréttisfræðslu.

Skólaþjónustan veiti skólum stuðning og fræðslu með það að markmiði að jafna aðstöðu barna og ungmenna og hvetur til umburðarlyndis og viðsýnis.

Skólastjórnendur móti jafnréttismenningu og viðhorf innan skólans og fylgjast með hvernig jafnréttismálum er háttað. Þeir koma á jafnréttisteymi og bera ábyrgð á því að virkja jafnréttisáætlun og endurskoða reglulega.

Kennarar og annað starfsfólk eru börnum og ungmennum góðar fyrirmyndir og koma að gerð jafnréttisáætlunar og endurskoðun hennar.

Fjölskyldan er góð fyrirmynd í jafnréttismálum og ber sameiginlega ábyrgð á að styðja börn og ungmenni í námi sínu. Báðir foreldrar eru hvattir til að taka jafnan þátt í starfi skólans.

MAT Á ÁRANGRI

Jafnréttisstefnu skóla er fylgt eftir með aðgerðaráætlun sem endurskoðuð er árlega og metin af stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki.



HEILBRIGÐI OG VELFERÐ FRAMTÍÐARSÝN

Heilbrigði barna og ungmenna í skólum í Borgarbyggð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefli umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Hver skóli setur sér stefnu um heilbrigði og velferð nemenda í skólanámskrá sinni þar sem fram kemur hvernig staðið er að heilbrigði og velferð nemenda á eftirfarandi þáttum:

- Jákvæð sjálfmynd
- Hreyfing
- Næring
- Hvíld
- Andleg vellíðan
- Góð samskipti
- Öryggi
- Hreinlæti
- Kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra

Þá er tilgreint hvernig nám, kennsla, skipulag og skólabragur styður við heilbrigði og velferð barna og ungmenna.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Fræðslunefnd hvetji skóla til að taka þátt í heilsuefli aðgerðum og sér til þess að aðbúnaður í skólum Borgarbyggðar stuðli að heilbrigði og velferð nemenda.

Skólaþjónustan veiti skólum stuðning og fræðslu er varðar velferð nemenda með forvörn og fræðslu.

Skólastjórnendur móti jákvæðan skólabrag sem einkennist af heilbrigði og velferð nemenda.

Kennarar og annað starfsfólk skoði skipulag og kennslufyrirkomulag með það fyrir augum að rækta jákvæðan skólabrag og þjálfva nemendur í að setja sér raunhæf markmið og aðstoð við að meta stöðu sína.

Fjölskyldan heimsækir og tekur þátt í skólastarfinu og stuðlar þannig að öryggi og vellíðan barna sinna með jákvæðri afstöðu til skólans.

MAT Á ÁRANGRI

Mat á líðan nemenda er framkvæmt af kennurum reglulega. Gerð verða viðmið um næringargildi skólamálsverða. Lagðar verða fyrir árlega kannanir um kvíða í 7. – 10. bekk. Niðurstöður eru nýttar til úrbóta í starfi skólans.

SKÖPUN FRAMTÍÐARSÝN

Í skapandi skólastarfi í Borgarbyggð er börnum og ungmennum falið að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Nemendur fá tækifæri til að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Þeir eru hvattir til að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Börn og ungmenni fá að glíma við viðfangsefni, brjóta upp hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veita nýja sýn á viðtekna hugmyndir.

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Hver skóli setur sér stefnu um sköpun í námi og kennslu í skólanámskrá sinni þar sem fram kemur hvernig staðið er að skapandi menntun í verki og hugsun í eftirfarandi þáttum:

- List og verkgreinum
- Samstarf milli greina, aldurshópa og skólastiga
- Nemendastýrðum verkefnum
- Ýtt er undir forvitni, spurningar og heilabrot
- Margvíslegar tilraunir
- Að læra að takast á við mistök og læra af þeim
- Ýmsir miðlar og tækni kynnt og notuð
- Verk nemenda gerð sýnileg
- Fjölbreyttur efniviður til að vinna úr hugmyndum
- Möguleiki á að sýna og kynna verk nemenda
- Náttúrulegt umhverfi, söfn og menningarstofnanir, verkstæði og atvinnufyrirtæki sóttir til að fá hugmyndir og innblástur
- Vettvangsferðir og útinám

Þá er tilgreint hvernig kennsluhættir og skólabragur ýtir undir ferli sem byggist á ímyndunaraflinu þannig að niðurstaðan sé í senn frumleg og hafi gildi.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Fræðslunefnd veiti skólum nýsköpunarviðurkenningu árlega.

Skólaþjónustan veiti skólum stuðning og fræðslu í skapandi kennsluáferðum.

Skólastjórnendur gefa tóninn og búa til jarðveg fyrir þróunarstarf og finnur áhugaverðum verkefnum farveg í skipulagi skólans.

Kennarar og annað starfsfólk gegni lykilhlutverki í að efla sköpun í skólastarfi. Það notar fjölbreyttar kennsluáferðir, vekur spurningar, forvitni og áhuga.

Fjölskyldan hvetur börn og ungmenni til að þora að taka af skarið, beita ímyndunarafl, sýna frumkvæði, leita samvinnu og vinna sjálfstætt.

MAT Á ÁRANGRI

Skapandi skólastarfi er metið út frá því hvort nemandinn geti nýtt ólíkar leiðir við að rannsaka viðfangsefni sín, hvort hann geti dýpkað og vikkað viðfangsefnið, fundið hugmyndir eða verklag sem getur hjálpað honum við verkefnið og hvort hann geti komið auga á sérstöðu verksins. Ferilmöppur eru notaðar til að safna verkum nemenda.



NÁMSUMHVERFIÐ

Skólahúsnæðið og búnaður, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi skóla því nemendur læra bæði úti og inni. Umhverfið er mikill áhrifaþáttur í námi barna og ungmenna, oft nefnt þriðji kennarinn ásamt kennaranum og nemendahópnum. Það þarf því að taka mið af áhuga og þroska margbreytilegs barna- og ungmennahóps. Námsgögn hvers konar gegna einnig þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum náms og kennslu.

FRAMTÍÐARSÝN

Skólar í Borgarbyggð eru skipulagðir fyrir fjölbreytt nám og kennslu sem fer fram bæði utandyra og innandyra. Skipulag þeirra er sveigjanlegt og breytist eftir kennsluaðferðum og því námi sem fram fer, hvort sem um er að ræða t.d. einstaklingsbundið nám, samkennslu, hópstarf, verkefnavinnu og teymiskennslu. Börn og ungmenni hafa aðgang að námsgögnum sem eru fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða.

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Í hverjum skóla á að vera hægt að kenna á fjölbreyttan hátt. Þar skal vera gott aðgengi að námsefni sem höfðar jafnt til beggja kynja og mismunar ekki einstaklingum, svo sem:

- Prentuðu efni
- Námsbókum
- Handbókum
- Myndefni
- Tölvuforritum
- Margmiðlunarefni
- Efni til verklegrar kennslu
- Efni til útikennslu og náttúrulegu umhverfi skólans
- Skólasafni
- Öðru áhugaverðu efni

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Fræðslunefnd ber ábyrgð á því að umhverfi skóla gefi möguleika á fjölbreyttri kennslu og námsefni.

Skólaþjónustan veiti starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Skólastjórnendur sjá til þess að kennarar nýti umhverfi skóla til fjölbreyttrar kennslu og þeir hafi aðgang að fjölbreyttu námsefni.

Kennarar og annað starfsfólk nýti umhverfi skólans og námsefni til fjölbreyttrar kennslu.

Fjölskyldan styður kennara og nemendur í að nýta sér náms-umhverfið og fjölbreytt námsefni.

MAT Á ÁRANGRI

Í lok hvers vetrar gera kennarar skólastjóra grein fyrir hvernig þeir hafa nýtt umhverfi skólans og námsefni á fjölbreyttan hátt.

TÓNLISTARSKÓLI

Tónlistarskóli Borgarfjarðar gegnir fjölbreyttu hlutverki í menningarlífi Borgarbyggðar. Auk hefðbundinna tónleika og tónfunda skólans koma nemendur fram við ýmis tækifæri, heimsækja aðra skóla og héruð og taka einnig á móti gestum. Tónlistarskólinn er í virku sambandi við skóla og stofnanir í Borgarbyggð.

FRAMTÍÐARSÝN TÓNLISTARNÁMS

Tónlistarskólanum er ætlað að stuðla að öflugri tónlistarlífi jafnframt því að vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklinga. Tónlistarskólinn tekur mið af margvíslegum áhugasviðum nemenda, getu þeirra og þroska. Kennsluaðferðir og viðfangsefni Tónlistarskólans eru fjölbreytt og sveigjanleg og henta börnum, ungmennum og fullorðnum.

ÁHERSLUR OG INNIHALD

Tónlistarskólinn tilgreinir í skólanámskrá hvernig staðið er að tónlistarnámi á hin ýmsu hljóðfæri. Einnig hvernig komið er til mótis við margvísleg áhugasvið nemenda og hvaða kennsluaðferðir eru notaðar. Tilgreint er hvaða tónlistarnám stendur börnum, ungmennum og fullorðnum til boða.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Helsta hlutverk Tónlistarskólans er að:

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist
- hlusta á tónlist og njóta hennar
- búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur
- búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi
- stuðla að auknu tónlistarlífi í Borgarbyggð
- standa að öflugri símenntun og starfsþróun kennara
- stuðla að virku samstarfi við foreldra, m.a. með foreldra- og velunnarafélagi
- taka virkan þátt í viðburðum í Borgarbyggð

MAT Á ÁRANGRI

Mat á námi er fastur liður í skólastarfinu. Það felst í prófum, umsögnum og frammistöðu á tónleikum. Stigspróf og áfangapróf fara einnig reglulega fram. Mikilvægt er að námið færi nemendum gleði og að þeir fái að njóta þess að spila og hlusta á tónlist.



FRAMKVÆMD, MAT & EFTIRFYLGNI SKÓLASTEFNUNNAR

Í skólastefnunni er sett fram framtíðarsýn skólasamfélagsins í Borgarbyggð en hverjum skóla falið að móta aðgerðaráætlun til þriggja ára á grunni stefnunnar. Þar eru sett fram undirmarkmið og leiðir sem hver skóli fer. Árlegar starfsáætlanir skólanna byggja á þeirri aðgerðaráætlun og eru þær lagðar fyrir fræðslunefnd, foreldraráð og skólaráð og birtar á heimasíðum skólanna.

Stöðugt er unnið að mati á námi og árangri barna og ungmenna og niðurstöður mælinga fyrst og fremst nýttar til úrbóta í viðkomandi skóla. Þær mælingar sem stuðst er við eru tíundaðar í skólastefnunni, skólanámskrá hvers skóla og í aðgerðaráætlunum skólanna.

HELSTU MÆLINGAR VERÐA:

Starfsáætlanir skóla

Ársskýrslur skóla með niðurstöðum innra mats

Skólapúlsinn – nemenda – foreldra – starfsmannakönnun

Leikskólapúlsinn – foreldra – starfsmannakönnun

Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk

Kannanir um líðan m.a. kvíðakönnun í 7. – 10. bekk

Könnun Capacent um þjónustu leikskóla og grunnskóla

Viðmið um Heilsueflandi leikskóla og grunnskóla um næringu, hreyfingu og geðrækt

Viðmið Grænánaverkefna Landverndar



BORGARBYGGÐ